

Fimmtudaginn 14. febrúar 1991.

Nr. 137/1988. **Borstöðin hf.**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**Finni Gíslasyni**

(Jónatan Sveinsson hrl.).

Skuldamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1988. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að einungis verði viðurkenndar kröfur stefnda að fjárhæð 405.000 krónur án vaxta og að viðurkennt verði með dómi, að skuldajafna megi eftirstöðvum hlutfjárloforðs stefnda við áfrýjanda sem þeirri fjárhæð nemur. Til vara gerir áfrýjandi þá dómkröfu, að því leyti sem krafa stefnda verði viðurkennd, að þeirri fjárhæð verði þá skuldajafnað á móti skuld stefnda samkvæmt framlögðum viðskiptareikningi áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var stefndi einn fimm stofnenda Borstöðvarinnar hf. Samkvæmt ákvæðum stofnsamnings félagsins skyldi stofnfé greitt með vélum, tækjum og vinnu, sem stofnendur legðu fram. Í samræmi við þetta lagði stefndi fram „Ford 6000 6 x 6 bifreið, árg. 1972, skrásetningarnúmer Í-951, Reo Studebaker 6 x 6 vörubifreið, árg. 1953, og vinnu, allt að verðmæti kr. 555.000,-“. Kemur fram, að bifreiðarnar hafi að hálfu verið framlag stefnda á móti Sigurði Karli Gunnarssyni, sem einnig skyldi leggja fram vinnu, svo að framlag hans yrði 555.000 krónur. Tveir stofnendur lögðu fram borbúnað og bifreið með borbúnaði. Var framlag hvors þeirra 1.290.000 krónur. Framlag fimmta stofnandans var vinna, að verðmæti 10.000 krónur, við framangreindar vélar og tæki. Í stofnsamningi segir, að allt hlutafé sé greitt. Samþykktir

félagsins eru dagsettar 30. maí 1986, og félagið var tilkynnt til hlutafélagaskrár sama dag. Var Lárus Tryggvason skráður framkvæmdastjóri félagsins og stefndi, Finnur, prókúruhafi auk hans.

Stefndi höfðaði mál þetta sem áskorunarmál. Málinu var vikið til reglulegrar meðferðar, er varnir komu fram af hálfu áfrýjanda. Þykja ekki efni til þess, eins og nú er komið, að ómerkja hinn áfrýjanda dóm og meðferð málsins vegna annmarka á málartilbúnaði stefnda í upphafi.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um greiðslu reiknings fyrir vinnu, aksturskostnað, verkfærægjald, fæðis- og flutningsgjald og efniskaup samkvæmt framlögðum reikningum. Hefur Lárus Tryggvason ritað samþykki sitt á heildarreikning stefnda. Ber að taka kröfu samkvæmt reikningi þessum til greina, svo sem gert er í héraðsdómi.

Svo sem að framan er rakið, var sagt í stofnsamningi og staðfest við skráningu félagsins í hlutafélagaskrá, að hlutafé væri allt greitt. Hefur áfrýjanda ekki tekist að sýna fram á, að verk það, sem stefndi krefst greiðslu fyrir, hafi hann innt af hendi til að fullnægja hlutafjárloforði sínu.

Fallast ber á það með héraðsdómaranum, að aðrar skuldajafnaðarkröfur séu svo vanreifðar, að þær komi ekki til álita í máli þessu.

Samkvæmt þessu á hinn áfrýjandi dómur að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda 130.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Borstöðin hf., greiði stefnda, Finni Gíslasyni, 130.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. mars 1988.

1.0. Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 7. mars sl., hefur Finnur Gíslason, nnr. 2334-9752, Þverbrekku 4, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 5. maí 1987, á hendur Lárusi Tryggvasyni, nnr. 6026-4805, Móaflöt 37, Garðabæ, formanni stjórnar Borstöðvarinnar hf., nnr. 9345-1120, Austurstræti 17, Reykjavík, fyrir hönd fyrirtækisins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 588.183,90 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 15. desember 1986 til 1. apríl 1987, en með 2,50% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987 og með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum frá uppsögudegi dóms til greiðsludags.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að einungis verði viðurkenndar kröfur stefnanda að fjárhæð kr. 405.000 án vaxta og að viðurkennt verði með dómi, að skuldajafna megi eftirstöðvum hlutafjárloforðs stefnanda við stefnda sem þeirri fjárhæð nemur. Til vara gerir stefndi þá dómkröfu, að svo miklu leyti sem krafa stefnanda verði viðurkennd, að þeirri fjárhæð verði skuldajafnað á móti skuld stefnanda við stefnda samkvæmt framlögðu yfirliti yfir viðskiptareikning stefnanda hjá stefnda. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var upphaflega rekið sem áskorunarmál, en með bókun í þingbók 8. september 1987 var því víkið til almennrar meðferðar, sbr. 11. gr. laga nr. 97/1987.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0. Stefndi lýsir málsatvikum og málsástæðum þannig, að skuldin sé samkvæmt reikningi, dagsettum 15. desember 1986, útgefnum af stefnanda til stefnda vegna vinnu stefnanda við borbúnað og borbíl í þágu stefnda fyrir tímabilið 31. maí 1986 til 4. október 1986, og sé hin umstefnda skuld samþykkt af stjórnarformanni stefnda, Lárusi Tryggvasyni. Að öðru leyti vísar hann um málavexti til framlagðra gagna.

Undir rekstri málsins gerði stefndi minni háttar breytingar á einstökum liðum framlagðs reiknings. Tímagjald næturvinnu var hækkað úr kr. 571 í kr. 576, bætt var úr margföldunarvillum, þannig að akstur hækkaði í kr. 45.500 og verkfæragjald í kr. 46.875, og liðurinn Framlagðir reikningar vegna efniþskaupa lækkaði úr kr. 152.041 í kr. 150.292,90. Reikningurinn lækkaði þannig í heild úr kr. 591.433,70, sem var upphafleg stefnufjárhæð, í kr. 588.183,90, sem er endanleg dómkrafa. Sundurliðast hún þannig: Dagvinna 73 stundir á kr. 360, kr. 26.280, næturvinna 552 stundir á kr. 576, kr. 317.952, akstur 91 dagur á kr. 500, kr. 45.500, verkfæragjald 625

stundir á kr. 75, kr. 46.875, reikningur vegna efniskaupa kr. 150.292,90 og fæði og flutningsgjald 73 stundir á kr. 17,60, kr. 1.284.

Hann segir, að skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli, og sé stefnandi því knúinn til þess að innheimta hana með dómi.

Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir loforða og samninga.

3.0. Stefndi segir málavexti þá, að stefnandi sé hluthafi og einn af stofnendum Borstöðvarinnar hf. Samkvæmt stofnsamningi nemi heildarhlutafé Borstöðvarinnar hf. kr. 3.700.000. Samkvæmt stofnsamningnum hafi framlag stefnanda verið falið í Ford-6000-bifreið, árgerð 1972, skráningarnúmer Í-951, og Reo-Studebaker-6x6-vörubifreið, árgerð 1953, auk vinnu, allt að verðmæti kr. 555.000. Bifreiðarnar hafi verið sameiginlegt framlag stefnanda og Sigurðar Karls Gunnarssonar, og hafi stofnendur metið bifreiðarnar samtals að verðmæti kr. 300.000. Stofnframlag stefnanda, sem fólgði hafi verið í bifreiðunum, hafi því numið kr. 150.000, en stefnandi hafi átt að vinna í þágu stefnda, sem næmi mismuninum, þ.e. fyrir kr. 405.000. Stefndi hafi skorað á stefnanda að leggja fram staðfest ljósrit af skattframtali sínu árið 1987 til upplýsingar um mat hans við framtalsgerð á hlutafjárloforði sínu í Borstöðinni hf.

Stefndi heldur því fyrst og fremst fram, að hinn umstefndi reikningur sé í raun sú vinna, sem stefnandi hafi samkvæmt stofnsamningi átt að inna af hendi, svo að hann, stefnandi, geti talist hafa fullnægt skuldbindingu sinni samkvæmt stofnsamningi um greiðslu hlutafjár. Þrátt fyrir ákvæði stofnsamnings hafi hlutafé ekki verið allt greitt við stofnun félagsins, enda hafi hvorki stefnandi né aðrir stofnendur innt neina vinnu af hendi í þágu félagsins fyrir stofnun þess.

Hlutabréf í Borstöðinni hf. hafi verið gefin út, og séu þau í vörslum félagsins. Meðal málskjala sé yfirlit yfir viðskiptareikning stefnanda hjá stefnda, þar sem fram komi, að stefnandi skuldar stefnda kr. 903.250 samkvæmt bókhaldi félagsins. Geri stefndi þá kröfu, að þar sem óumdeilt sé, að stefnandi skuldi enn hlutafjárloforð sitt, þá viðurkenni stefndi reikning stefnanda, sem nemi þessu hlutafjárloforði, þ.e. kr. 405.000, og sé þess krafist, að skuldajöfnuður nái fram að ganga.

Stefndi krefst að öðru leyti sýknu af dómkröfum stefnanda, enda telur stefndi það ljóst, að hinn umstefndi reikningur sé rangur og villandi og einungis til þess fallinn að valda stefnda óhagræði og tjóni. Samkvæmt stofnsamningi hafi stefnandi átt að inna vinnu af hendi, sem næmi kr. 405.000, en stefndi hefur aldrei óskað eftir frekari vinnu frá stefnanda. Stefnandi sem einn af stofnendum Borstöðvarinnar hf. verði að auki að sætta sig við að leggja fram endurgjaldslausu vinnu í þágu félagsins, nema

sérstaklega annað sé ákveðið á hluthafafundum eða stjórnarfundum, en um ekkert slíkt sé að ræða gagnvart stefnanda.

Á reikningi stefnanda sjáist undirritun stjórnarformanns stefnda, Lárusar Tryggvasonar. Samþykki Lárusar sé augljóslega fengið á röngum forsendum miðað við tilgang stefnanda með málsókn þessari. Lárus hafi einungis samþykkt reikninginn á þeirri forsendu, að um væri að ræða vinnu stefnanda á móti hlutafjárloforði hans. Staða stefnanda innan Borstöðvarinnar hf. sé og slík og fjárhæð reikningsins slík, að stefnandi geti ekki byggt málsókn sína á því, að um sé að ræða samþykktan reikning. Telja verði og samkvæmt framansögðu og með vísan til samþykktta félagsins, að samþykki a.m.k. meiri hluta stjórnar þess hafi þurft til að binda félagið. Samkvæmt 16. gr. samþykktta félagsins þurfi undirskrift tveggja stjórnarmanna til að skuldbinda félagið.

Stefndi vefengir einstaka liði reikningsins sem of hátt metna til fjár. Einkum telur hann taxa of háa, og enn fremur telur hann suma reikninga vegna efniskaupa vafasama, t.d. mótmælir hann reikningi frá vélsmiðjunni Arentsstáli, dagsettum 11. apríl 1986, að fjárhæð kr. 7.906,65, og reikningi frá Innkaupum hf., dagsettum 28. nóvember 1986, að fjárhæð kr. 1.936.

Sömu sjónarmið eiga við varakröfu stefnda. Stefndi hefur lagt fram yfirlit yfir viðskiptareikning stefnanda hjá stefnda, og segir hann, að þar komi fram, að stefndi skuldfæri stefnanda fyrir leigu á borbifreið stefnda tímabilið 1. nóvember 1986 til 23. janúar 1987. Á þeim tíma hafi bifreiðin staðið vikum saman við skiðaskálann í Bláfjöllum, en stefnandi hafi tjáð öðrum forsvarsmönnum stefnda, að hann hafi gert fyrir hönd félagsins samning við Veislumiðstöðina hf. um borun, þó svo að ljóst sé, að stefnandi hafi hvorki heimild til að gera slíka samninga f.h. félagsins né hafi stefnandi þrátt fyrir áskoranir stefnda þar um gefið viðhlitandi skýringar á samningi um þá borun eða staðið stefnda skil á andvirði þess samnings.

Stefndi vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar og félagaréttar. Stefndi vísar til 49. gr. laga nr. 85/1936 kröfu sinni um skuldajöfnuð til stuðnings.

4.0. Stefndi hefur undir rekstri málsins bent á, að samkvæmt stofnsamningi sé framlag hans og Sigurðar Karls Gunnarssonar jafnhátt, þ.e. framlag hvors um sig sé kr. 555.000, eða framlag beggja samtals kr. 1.110.000. Framlagið sé m.a. tvær bifreiðar, annars vegar Reo-Studebaker, árgerð 1953, sem sé metin á kr. 100.000, og Ford-6000-6x6, árgerð 1972, sem sé metin í einu lagi ásamt Atlas-borbúnaði og fylgihlutum á kr. 3.000.000. Bobbúnaðurinn og Mack-4x4-bifreið, sem sé framlag þeirra Lárusar Tryggvasonar og Jóhanns Jökulssonar, sé metið á kr. 2.580.000. Þar sem Mack-bifreiðin hafi verið metin kr. 600.000, hljóti borbúnaðurinn að vera metinn á kr. 1.980.000. Verðmæti áðurgreindrar Ford-bifreiðar,

sem samkvæmt áður sögðu var metin á kr. 3.000.000 ásamt borbúnaðinum, hljóti samkvæmt þessu að vera kr. 1.020.000. Báðar bifreiðarnar hljóti því að vera metnar á kr. 1.120.000 samanlagt, sem sé næstum sama fjárhæð og framlag þeirra stefnanda og Sigurðar skyldi vera samkvæmt stofnsamningi.

Stefnandi mótmælir mati stefnda á bifreiðunum, og telur hann það mat síðar til komið, þegar ósætti hafi verið komið upp meðal hluthafa. Sé stuðst við mat stefnda á bifreiðunum, virðist vinnuframlag og efniskostnaður stefnanda og Sigurðar hafa átt að nema kr. 900.000, en efniskostnaður myndi nema um 20% af þeirri fjárhæð. Að áætla væntanlega vinnu svo hátt sé óheimilt samkvæmt hlutafélagalögum.

Stefnandi tekur fram, að vinna sem framlag til Borstöðvarinnar hf. hafi aðeins falist í vinnu við þá hluti, er stefnandi og Sigurður hafi sjálfir lagt fram, þ.e. við bifreiðarnar, og hafi sú vinna verið innt af hendi fyrir alllöngu. Þá tekur stefnandi einnig fram, að ekki hafi verið fyrirætlun nokkurra, að hann og Sigurður inntu af hendi vinnu við framlög annarra hluthafa, sem þannig fengju sitt framlag metið á hærra verði en efni stæðu til vegna vinnu hans og Sigurðar. Í þessu sambandi bendir hann á, að borbúnaðurinn sé metinn m.a. með tilliti til vökvakerfis, en vinna sú, sem krafist sé, að greidd verði af félaginu, hafi einmitt falist í endurnýjun á vökvakerfi hans, en stefnandi sé vélvirki að mennt. Ætti því stefndi endurkröfu á aðra hluthafa vegna nauðsynlegra endurbóta á framlagi þeirra. Stefnandi segist við reikningsgerð sína hafa notað taxta fyrir útselda vinnu Borstöðvarinnar, svo sem sjá megi í framlögðum gögnum. Ástæða mikillar næturvinnu sé sú, að hann hafi verið í öðru starfi, er vinnan var innt af hendi.

Þá bendir stefnandi á varðandi verðmæti áðurgreindrar Ford-bifreiðar, að tryggingarverðmæti á „bíl með borbúnaði“ hafi verið rúmlega kr. 5.000.000. Brunabótafélag Íslands hafi greitt kr. 4.500.000 vegna borbílsins, en hann hafi brunnit hinn 11. október 1987, en Borstöðin hf. héldi bílflakinu. Segir stefnandi því, að raunverulegt verðmæti Ford-bifreiðarinnar hafi því verið allmiklu meira en haldið sé fram af stefnda.

Stefnandi mótmælir skuldfærslu á hlutafjárloforði á viðskiptareikningi, þar sem hlutafjárloforð hans sé sagt ógreitt að öllu leyti. Eignfæra hefði átt a.m.k. fyrir þeim fjárhæðum, sem stefndi telur, að felist í bifreiðaframlagi stefnanda. Stefnandi mótmælir því, að hann skuldi framlag sitt. Hann bendir sérstaklega á, að í stofnsamningi félagsins segi berlega, að hlutafé sé allt greitt.

Þá mótmælir stefnandi því að hafa móttekið peninga hjá „Gardari“ vegna borunar, að fjárhæð kr. 50.000. Þá mótmælir hann skuldfærslu vegna borunar í Flekkuvík, sem sé í eigu hans. Um hafi verið að ræða

notkun til að reyna borbílinn að lokinni viðgerð til þess að kanna, hvernig til hefði tekist með viðgerð o.þ.h. Umrædd borun í Flekkuvík sé ekki nýtileg stefnanda og hafi að hans sögn aldrei komið til umræðu sem skuld hans fyrr, enda þótt hluthafar haldi öðru fram. Megi benda á, að stefnandi hafi aldrei verið krafinn um þær skuldir, sem séu tilgreindar í viðskiptareikningi. Þá mótmælir hann skuldfærslu vegna borunar í Haga við Selfoss. Umrædd jörð sé í eigu foreldra Sigurðar K. Gunnarssonar og borun aðeins að hans frumkvæði og óviðkomandi stefnanda.

Hann mótmælir skuldfærslu vegna leigu á bor, þ.e. óendurskoðuðum reikningi vegna vinnu fyrir Veislumiðstöðina hf. við Skíðaskálann í Hveradölum, sem fram fór með vitund og vilja hluthafa. Hluthöfum hafi þótt verkið ganga heldur seint, og hafi þeir gert sér lítið fyrir og sótt borbílinn fyrirvaralaust, sbr. bókun á stjórnarfundi 24. janúar 1987. Stefnandi hafi orðið að ljúka verkinu síðar og hafi ekki tekið greiðslu fyrir af Veislumiðstöðinni hf.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslu þeir Finnur Gíslason forstjóri, Þverbrekku 4, Kópavogi, Björn Ólafsson framkvæmdastjóri, Þverbrekku 2, Kópavogi, Sigurður Karl Gunnarsson vélvirki, Holtagerði 32, Kópavogi, Lárus Tryggvason verkamaður, Móaflöt 37, Garðabæ, og Jökull Ólafsson bormaður, Álftahólum 6, Reykjavík.

#### 5.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Svo sem að framan greinir, mótmælir stefnandi, að kröfu sinni samkvæmt framlögðum reikningi verði skuldajafnað á móti skuld sinni samkvæmt framlögðu yfirliti yfir viðskiptareikning sinn hjá stefnda. Mótmælir stefnandi því eindregið, að um skuld af sinni hálfu sé að ræða. Þegar frá er talin skuldfærsla vegna hlutfjárloforðs stefnanda, hefur stefndi gert skuldfærslu þessari lítil skil. Skýrslur aðila um málsatvik að þessu leyti eru í verulegum atriðum ósamhljóða. Óljóst virðist t.d. um aðild að reikningi þeim um leigu á bor fyrir Veislumiðstöðina hf., sem stefndi gerir sérstaklega skil í greinargerð sinni. Ekki þykir stefndi því með málatilbúnaði sínum hafa sýnt fram á gegn andmælum stefnanda, að um sé að ræða kostnaðarliði, sem stefnandi beri ótvíræða ábyrgð á. Krafa stefnda í þessu efni þykir því vera svo vanreifuð og örökstudd, að ekki sé unnt að taka hana til greina í máli þessu til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, hvorki til sýknu né lækkunar á dómkröfum stefnanda.

Aðila greinir á um, hvort hlutfjárframlag stefnanda sé greitt, og einnig greinir þá í verulegum atriðum á um mat á hlutfjárframlagi hans. Metur hvor aðili framlagið með sínum hætti. Ekki hafa dómkvaddir matsmenn skoðað og metið greint framlag. Verður að telja, eins og atvikum máls þessa er háttað, að sönnunarbyrðin fyrir fullyrðingu stefnda um matsverð liggi hjá honum. Verður ekki talið, að stefnda hafi tekist að sýna fram

á, að fullyrðing hans um matsverð framlagðs hlutafjár sé nær sanni en fullyrðing stefnanda um sama efni. Er því ekki heldur unnt að taka þessa gagnkröfu stefnda til greina í málinu til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, hvorki til sýknu né lækkunar á dómkröfum hans.

Af framangreindum ástæðum verður að telja, að gegn mótmælum stefnanda sé skuldajöfnun í þessu máli óheimil á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu.

Eftir að leiðréttingar hafa verið gerðar undir rekstri málsins á reikningi þeim, sem liggur til grundvallar máli þessu, er hann í samræmi við kröfugerð stefnanda, og á hann er ritað samþykki stjórnarformanns stefnda. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að fjárhæðir reikningsins séu óeðlilegar eða að verðleggja ætti vinnu stefnanda með öðrum eða lægri taxa en gert er ráð fyrir í reikningi hans, ber að taka kröfu stefnanda um, að stefndi greiði honum kr. 588.183,90, til greina.

Þá ber að dæma vexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, svo sem nánar greinir í dómorði, en þó verður krafa um dráttarvexti á málskostnað ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 127.000, þ.m.t. söluskattur.

Dóminn kvað upp Jón L. Arnalds borgardómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Borstöðin hf., greiði stefnanda, Finni Gíslasyni, kr. 588.183,90 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 15. desember 1986 til 1. apríl 1987, en með 2,50% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, en með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 127.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.